

Hörður Þór Sigurðsson  
Kristján Ágústsson

## Hættumat fyrir Ólafsvík, Snæfellsbæ

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>5</b>
1.1	Vinnuferlið . . . . .	5
1.2	Efnisatriði og kaflaskipting . . . . .	5
1.3	Aðferðarfræði og reglugerðarrámmi . . . . .	6
1.4	Hættumat vegna aurskriðna, grjóthruns, krapaflóða og aurblandaðra vatns- og krapaflóða í bröttum farvegum . . . . .	7
1.5	Óvissa . . . . .	9
<b>2</b>	<b>Almennt</b>	<b>11</b>
2.1	Staðhættir . . . . .	11
2.2	Ofanflóð . . . . .	12
2.3	Eldri rannsóknir . . . . .	13
2.4	Veðurfar . . . . .	14
<b>3</b>	<b>Tvísteinahlíð</b>	<b>16</b>
3.1	Svæðislýsing . . . . .	16
3.2	Staðbundið veðurfar . . . . .	16
3.3	Ofanflóð . . . . .	16
3.4	Mat . . . . .	17
3.5	Líkanreikningar . . . . .	17
3.6	Niðurstaða . . . . .	17
<b>4</b>	<b>Ennishlíð</b>	<b>18</b>
4.1	Ennishlíð – ofan Engihlíðar . . . . .	18
4.1.1	Svæðislýsing . . . . .	18
4.1.2	Staðbundið veðurfar . . . . .	19
4.1.3	Ofanflóð . . . . .	19
4.1.4	Mat . . . . .	19
4.1.5	Líkanreikningar . . . . .	19
4.1.6	Niðurstaða . . . . .	19
4.2	Ennishlíð – ofan Ennisbrautar . . . . .	20
4.2.1	Svæðislýsing . . . . .	20

4.2.2	Staðbundið veðurfar . . . . .	21
4.2.3	Ofanflóð . . . . .	21
4.2.4	Mat . . . . .	21
4.2.5	Líkanreikningar . . . . .	21
4.2.6	Niðurstaða . . . . .	21
<b>5</b>	<b>Dalur</b>	<b>23</b>
5.1	Svæðislýsing . . . . .	23
5.2	Staðbundið veðurfar . . . . .	23
5.3	Ofanflóð . . . . .	23
5.4	Mat . . . . .	24
5.5	Líkanreikningar . . . . .	24
5.6	Niðurstaða . . . . .	24
<b>6</b>	<b>Bæjarlækurinn</b>	<b>24</b>
<b>7</b>	<b>Niðurstaða</b>	<b>25</b>
<b>A</b>	<b>Tæknileg hugtök og skilgreiningar</b>	<b>29</b>
<b>B</b>	<b>Ofanflóð</b>	<b>31</b>
<b>C</b>	<b>Kort</b>	<b>33</b>
<b>D</b>	<b>Veðurfarsgögn</b>	<b>41</b>
<b>E</b>	<b>Langsnið brauta</b>	<b>49</b>

# 1 Inngangur

Skýrsla þessi lýsir hættumati vegna ofanflóða fyrir Ólafsvík. Hættumatið var unnið af Veðurstofu Íslands, samkvæmt reglugerð nr. 505/2000, júlí 2000, um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Sambærilegar skýrslur hafa verið gefnar út fyrir Neskaupstað, Siglufjörð, Seyðisfjörð, Eskifjörð, Ísafjörð, Bolungarvík, Patreksfjörð og Bíldudal (Þorsteinn Arnalds o.fl. 2001a,b,c, 2002a,b,c; Kristján Ágústsson o.fl. 2002, 2003a,b).

## 1.1 Vinnuferlið

Þeir sem komu að þessari vinnu voru Hörður Þór Sigurðsson, Kristján Ágústsson, Björn Sævar Einarsson, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Arnalds. Aðrir starfsmenn Veðurstofunnar hafa einnig komið að einstökum þáttum vinnunnar. Pétur Bogason, snjóeftirlitsmaður Veðurstofunnar í Ólafsvík, aðstoðaði við vettvangs- og heimildakönnun.

Vinna við hættumatið hófst á Veðurstofunni haustið 2000 með stuttri vettvangsferð Siegfried Sauermoser og Kristjáns Ágústssonar. Eftir nokkurt hlé hélt vinna áfram árið 2002 og var þá safnað grunnupplýsingum. Í kjölfarið var gefinn út ofanflóðaannáll fyrir Ólafsvík (Veðurstofa Íslands, 2003). Annállinn var gefinn út á ný árið 2004 eftir að nánari upplýsingar höfðu fengist (Veðurstofa Íslands, 2004).

Kristján Ágústsson og Hörður Þór Sigurðsson fóru í vettvangskönnun til Ólafsvíkur í lok febrúar 2003 og kortlögðu upptakasvæði í Tvísteinahlíð og Ennishlíð. Svæðið austan þéttbýlisins var síðan kannað af þeim haustið 2003.

Hættumatsnefnd Snæfellsbæjar var skipuð 22.04.2003. Fyrsti fundur nefndarinnar með starfsmönnum Veðurstofunnar var haldinn 11.09.2003.

Eftirfarandi atriði voru athuguð vegna snjóflóðahættumats:

- a) *Landfræðilegar aðstæður* á upptakasvæði, í fallbraut og á úthlaupssvæði.
- b) *Veðurfar* sem getur valdið snjósöfnun á upptakasvæðum var metið í ljósi veðurfarsupplýsinga um viðkomandi landshluta.
- c) *Mat*. Lagt var almennt mat á snjóflóðahættu í hverjum farvegi fyrir sig. Það var gert með því að meta stærð upptakasvæða og bera saman hlutfallslega tíðni snjóflóða í einstökum farvegum.

## 1.2 Efnisatriði og kaflaskipting

Í fyrsta hluta skýrslunnar er almenn lýsing á landfræði- og jarðfræðilegum aðstæðum og veðurfari staðarins. Þá er stutt ágríp byggðasögu, sögu ofanflóða og gerð er grein fyrir þeirri vinnu sem áður hefur farið fram og tengist hættumati. Svæðið sem hættumatið nær til er sýnt á korti 1.

Í næstu 4 köflum er nánari lýsing á einstökum svæðum sem hafa svipaða eðliseiginleika m.t.t. ofanflóða í Ólafsvík. Þar er greint frá eftirfarandi efnisatriðum:

**Landfræðilegar aðstæður:** Eðliseiginleikar upptakasvæða, fallbrauta og úthlaupssvæða.

**Staðbundið veðurfar:** Veðurfarsskilyrði sem hafa áhrif á snjósöfnun á upptakasvæðunum.

**Ofanflóðasaga:** Stutt yfirlit yfir helstu flóð.

**Mat:** Greining á ofanflóðaaðstæðum og -áhættu.

**Líkanreikningar:** Notkun líkana er mikilvæg við gerð hættumats og fjallað er um niðurstöður sem byggja á þeim.

**Niðurstöður:** Mat á hættu lagt fram og tillaga að hættumati.

Að lokum er yfirlit um helstu niðurstöður hættumatsins.

Í skýrslunni eru 5 viðaukar. Viðauki A inniheldur lýsingu á tæknilegum hugtökum og skammstöfunum. Þar er um að ræða stærðir eins og rennslisstig ( $r$ ) og úthlaupshorn ( $\alpha$ -horn). Ennfremur eru þar skilgreiningar á  $\alpha$ - og  $\beta$ -punktum og lýsing á  $\alpha/\beta$ -líkaninu. Í viðauka B er listi yfir skráð ofanflóð og stutt lýsing á þeim. Í viðauka C eru kort og í viðauka D eru veðurfarsgögn. Í viðauka E eru langsníð sem lýsa brautum flóða og niðurstöðum líkanreikninga.

### 1.3 Aðferðarfræði og reglugerðarrammi

Ofanflóðahættumat er unnið skv. reglugerð sem Umhverfisstofnun gaf út í júlí árið 2000 og byggir á lögum nr. 2 frá 1997 um snjóflóð og skriðuföll. Hér að neðan er helstu atriðum reglugerðarinnar lýst.

Hættumat á Íslandi miðast við einstaklingsbundna áhættu. Hún er skilgreind sem árlegar líkur á því að einstaklingur sem býr á ákveðnum stað farist í snjóflóði. Flokkun hættusvæða byggir á *staðaráhættu* en hún er skilgreind sem árlegar líkur einstaklings, sem dvelur allan sólarhringinn í húsi sem ekki er sérstaklega styrkt, á að farast í snjóflóði. Með því að taka tillit til líkinda á því að einstaklingur sé í húsi þegar snjóflóð fellur og til þess hve sterkt húsið er fæst mat á *raunáhættu*. Ekki er tekið tillit til rýminga eða annarra tímabundinna varúðarráðstafana við gerð hættumats. Yfirvöld hafa ákveðið að áhættan  $0.2 \cdot 10^{-4}$  á ári eða minni sé ásættanleg eða viðunandi við gerð hættumats (Umhverfisstofnun, 1997). Staðaráhætta sem svarar til þessa gildis getur verið mismunandi vegna mismunandi gerðar og styrks bygginga og mismunandi dvalartíma fólks í þeim. Að öðru jöfnu er reiknað með að fólk dvelji 75% af tíma sínum á heimilum og 40% í atvinnuhúsnæði. Samkvæmt reglugerð um hættumat (Umhverfisstofnun, 2000) skal afmarka þrenns konar hættusvæði sem lýst er í töflu 1.

Viðmiðunarreglurnar um nýtingu svæða í töflu 1 miða að því að ásættanleg áhætta sem nemur  $0.2 \cdot 10^{-4}$  á ári náist þegar tekið er tillit til líklegrar viðveru og styrkinga húsa. Að öllum líkindum er áhætta í atvinnuhúsnæði eitthvað meiri.

**Tafla 1. Skilgreining hættusvæða**

Svæði	Neðri mörk staðaráhættu	Efri mörk staðaráhættu	Leyfilegar byggingar
<b>C</b>	$3 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	—	Engar nýbyggingar nema frístundahús* og húsnæði þar sem viðvera er lítil.
<b>B</b>	$1 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	$3 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	Atvinnuhúsnæði má byggja án sérstakra styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (svo sem fjölbýlishús, sjúkrahús, skóla o.þ.h) með sérstökum styrkingum.
<b>A</b>	$0.3 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	$1 \cdot 10^{-4}/\text{ár}$	Hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (s.s. fjölbýlishús, skóla, sjúkrahús o.s.frv.) og stærri íbúðarhús (fleiri en 4 íbúðir) þarf að styrkja sérstaklega.

\*Ef áhættan er minni en  $5 \cdot 10^{-4}$  á ári.

Sú aðferðarfræði sem notuð er til að meta snjóflóðaáhættu var þróuð við Háskóla Íslands og á Veðurstofu Íslands á árunum 1995–1998. Henni er lýst í riti eftir Kristján Jónasson o.fl. (1999).

Tillögur um svæðaskiptingu vegna hættu af aurskriðum og grjóthruni voru settar fram af Tómasi Jóhannessyni og Kristjáni Ágústssyni (2002). Helstu atriðum þeirra vinnureglna er lýst í næsta kafla.

Að lokum er vísað til greinar 10 úr reglugerð 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Sú grein fjallar um hættumat á svæðum þar sem gögn vantar til þess að unnt sé að meta áhættu með formlegum útreikningum: „Þar sem ekki er unnt að framkvæma áhættureikninga vegna ónógra upplýsinga skal engu að síður gera hættumatskort, sbr 12. gr., og skal við gerð þess reynt að leggja mat á áhættu.“

## **1.4 Hættumat vegna aurskriðna, grjóthruns, krapaflóða og aurblandaðra vatns- og krapaflóða í bröttum farvegum**

Hættumat vegna ofanflóða á skv. reglugerð nr. 505/2000 frá júlí 2000 að byggjast á áhættu fólks og ná til allra ofanflóða, þ.m.t. snjóflóða, krapaflóða, aurskriðna, grjóthruns og berghlaupa úr hlífum. Viðmiðunarreggur um hættumat vegna þessara afla hefur verið unnið á VÍ (Tómas Jóhannesson og Kristján Ágústsson, 2002). Almennar tillögur um hvernig vinna á jarðfræðilegt hættumat til að ná þeim markmiðum sem þessar viðmiðunarreglur kveða á um hafa einnig verið samdar á VÍ í samvinnu við fleiri aðila, m.a. Náttúfræðistofnun Íslands (handrit, Esther Hlíðar Jensen og Kristján Ágústsson) og hafa þær verið hafðar til hliðsjónar við þetta verk.

Um vandamál við mat á þessari hættu gildir sama og um mat á snjóflóðahættu þegar sögu vantar og jarðfræðilegar aðstæður benda ekki til beinnar yfirvofandi hættu. Þá eru dánarlíkur fólks mjög breytilegar eftir eðli mismunandi ofanflóða. Sem dæmi þá er sú hættu sem fólki á Íslandi er búin vegna vatnsflóða mun minni en hættu vegna snjóflóða. Það endurspeglast í því að við sömu staðaráhættu er endurkomutími mismunandi tegunda ofanflóða mjög breytilegur.

Heimildakönnun og jarðfræðileg rannsókn eru forsendur fyrir því að unnt sé að greina þau svæði þar sem aftakaflóð geta átt sér stað. Ekki er unnt að setja algildar reglur um það hvernig flokka á svæðið í hættusvæði skv. þessum athugunum og verður skiptingin alltaf að einhverju leyti huglægt mat.

Almennt er reiknað með því að grjóthrunssvæði verði skilgreind sem hættusvæði A. Aðeins í sérstökum tilvikum er grjóthrunshætta það mikil að ástæða sé til þess að afmarka hættusvæði B og C. Reikna má með að ásættanleg áhætta vegna grjóthruns markist af línu þar sem endurkomutími er 50–100 ár á 30 m breiðri spildu samsíða hlið en það samsvarar breidd lóðar. Legu slíkrar línu má víða meta með beinum athugnum á staðnum. Til hliðsjónar má beita tölfræðilegum og eðlisfræðilegum líkönum. Líkön þarf að staðla og aðlaga upplýsingum um grjóthrun á hverju svæði.

Hentugt er að skipta farvegum aur- og krapaflóða í þrjá flokka.

1. **Vel afmarkaður ár- eða lækjarfarvegur** alla leið niður í gegnum byggðina og nægilega djúpur til þess að meginhluti flóða heldur sig við farveginn þótt hluti stærstu flóða geti flæmst um svæðið til hliðar við hann. Vatnasvið þessara farvega er oftast frá 10–30 hekturum upp í meira en 100 hektara og aftakaflóð í þeim geta numið frá nokkrum  $m^3/s$  upp í tugi  $m^3/s$ . Aftakaflóð geta grafið undan lausum jarðefnum í hliðum farveganna og hleypt þannig af stað efnismiklum aurskriðum. Hættan er langmest í farveginum sjálfum og næst honum en fjær honum er hættan minni.
2. **Ill afmarkaður farvegur** þar sem flóð geta auðveldlega flæmst til hliðar þegar rennsli vex. Farvegur af þessum toga er oft á aurkeilu og flóð geta þá tekið nánast hvaða stefnu sem er eftir að út á aurkeiluna er komið. Hættan í farveginum sjálfum er minni en í fyrri flokknum en meiri á svæðinu nærri farveginum. Vatnasvið þessara farvega og aftakaflóð í þeim eru á sama stærðarþrepi og afmörkuðu farveganna í fyrri flokknum og hættu á aurskriðum úr hliðum farveganna svipuð.
3. **Grunnar gilskorur og farvegir lítilla lækja** sem jafnvel eru þurrir stóran hluta ársins. Vatnasvið þessara farvega eru mun minni en farveganna í fyrri tveimur flokkunum, þ.e. innan við hektara eða fáir hektarar. Aftakaflóð geta orðið allt að einum  $m^3/s$  en reikna má með að þau séu oftast minni en það.

Lagt er til að farvegir í flokki 1 séu metnir sem hættusvæði C. Næst meginfarvegum er hugsanlegt að skilgreina hættusvæði B ef talin er veruleg hættu á að stór flóð flæmist af fullum þunga upp úr farveginum. Þetta kemur einkum til greina fyrir farvegi í flokki 2 þar sem hlaup geta t.d. flæmst um aurkeilu eða stefna flóða er af einhverju öðrum ástæðum ekki bundin við „náttúrulegan“ farveg. Utan meginfarvega og svæða þar sem flóð geta náð til með fullum þunga, og við farvegi

í flokki 3 er hugsanlegt að skilgreina hættusvæði A. Mælt er með að gerð sé flóðagreining þannig að mat fáiast á aftakaflóð og endurkomutíma flóða.

Víða háttar þannig til að hætta er á aurskriðum og framskriði úr sléttum, giljalausum og giljalitlum hlíðum, þ.e. utan farvega eiginlegra vatnsfalla sem um er fjallað hér að framan. Ekki eru skýr skil á milli slíkra opinna hlíða og minnstu gilja og skorninga sem fjallað er um í flokki 3 í kaflinum hér að framan. Um þessa hættu er ekki unnt að setja fyrirfram ákveðnar viðmiðunarreglur með svipuðum hætti og fyrir farvegi vatnsfalla. Mat á hættunni verður að ráðast af jarðfræðilegri könnun á aðstæðum og mati sérfræðinga á hugsanlegri úthlaupslengd. Lagt er til að hættumatslína A sé skilgreind fyrir þessi svæði og að hún markist af endurkomutíma sem nemur nokkur hundruð árum. Það er mun styttri endurkomutími en fyrir snjóflóð en lengri en fyrir grjóthrun.

Þessar reglur taka aðeins til ofanflóða, þ.e. flóða í bröttum farvegum og hlíðum. Flóð í ám á sléttlendi og í hallalitlum dölum vegna úrkomu, krapastífla o.þ.h. flokkast ekki sem ofanflóð í skilningi fyrrgreindrar reglugerðar.

## 1.5 Óvissa

Mjög víða er mat á snjóflóðahættu erfitt. Það gildir einkum um svæði þar sem landfræðileg skilyrði fyrir snjóflóð eru til staðar en snjóflóð hafa ekki verið skráð. Byggðasaga margra þéttbýlisstaða er stutt og sama gildir oftast um það tímabil sem skráning ofanflóða nær til. Þar sem svona stendur á er ógjörningur að útiloka snjóflóð. Því verður að meta þessa hættu þannig að bæði sé tekið tillit til þess að engin snjóflóð hafa verið skráð á ákveðnu tímabili og einnig möguleikans á því að flóð falli.

Þá þarf að meta hættu á snjóflóðum úr hlíðum og brekkum þar sem ekki eru dæmigerðir snjóflóðafarvegir. Flest snjóflóð sem skráð hafa verið hafa fallið úr 500–800 m hæð og upptakasvæði þeirra eru í flestum tilvikum víðáttumikil. Snjóflóð úr lægri hlíðum og snjóflóð þar sem upptakasvæði eru óvenjuleg hafa ekki verið mikið rannsökuð.

Þar sem hættusvæði eru afmörkuð er áætluð óvissa á matið. Óvissumatínu er skipt í 3 stig sem gefa til kynna ónákvæmni í legu hættumatslína. Óvissa upp á  $\frac{1}{2}$  táknað að legu hættumatslína sé ónákvæm sem nemur hálfu bilinu á milli þeirra í báðar áttir. Áhætta þrefaldast á milli hættumatslína og því er hlutfallsleg óvissa á áhættunni  $\sqrt{3}$  þar sem óvissa á legu línu er  $\frac{1}{2}$ . Á sama hátt gildir að þar sem óvissa á línunum er metin 1 eða 2 þá gætu þær legið á bili sem nemur 1 eða 2 línubilum frá dregnum línunum. Hliðstæð hlutfallsleg óvissa á áhættu er þá 3 þar sem óvissa er 1 og  $3^2$  þar sem óvissa er 2. Óvissumatið er að nokkru huglægt og hefur ekki beina tölfræðilega merkingu. Hins vegar byggir það á reynslu þeirra sem vinna matið og í því felst þekking og mat á aðstæðum á viðkomandi stað en ekki síður samburður við hættumat á öðrum stöðum.

Óvissuflokkarnir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt:

$\frac{1}{2}$  Mörg snjóflóð hafa fallið og farvegurinn er stór og að öllu leyti dæmigerður.

1 Einhverjar upplýsingar eru til um snjóflóð en upptakasvæði er lítið eða farvegur óvenjulegur.



2 Engar upplýsingar eru til um snjóflóð en landfræðilegar aðstæður benda til þess að snjóflóð geti fallið.

Á svæðum þar sem varnarvirki hafa verið byggð er óvissan skilgreind á bilinu 1 til 2.



Mynd 1. Yfirlitskort af Snæfellsnesi. © Landmælingar Íslands, f.h. íslenska ríkisins.

## 2 Almennt

### 2.1 Staðhættir

Bærinn Ólafsvík er hluti af sveitarfélaginu Snæfellsbæ. Hann stendur við samnefnda vík utarlega á norðanverðu Snæfellsnesi (myndir 1 og 2). Vestan víkurinnar rís Ólafsvíkurenni, um 400 m hátt. Austurhlíð Ennisins nefnist Ennishlíð. Sunnan, og að hluta til vestan, byggðarinnar í Ólafsvík er 100–150 m há hlíð sem nefnist Tvísteinahlíð. Lækur rennur úr Bæjarfossgili sem er milli Ennis og Tvísteinahlíðar og til sjávar í gegnum bæinn. Tvísteinahlíð er brött og með klettótttri brún á um 300 m löngum kafla næst Bæjarfossgilinu. Hlíðin beygir til suðurs og verður klettalaus og aflíðandi þegar austar dregur og beygir til suðurs. Meginhluti byggðarinnar stendur á hæð austan við Tvísteinahlíð og heitir lægðin þar á milli Mjóidalur. Hvalsá rennur til austurs eftir dalnum austan Tvísteinahlíðar og sunnan og austan hæðarinnar sem bærinn stendur á. Sunnan Hvalsár eru Krókabrekkur og austar Arnarverpi (mynd 3). Krókabrekkur eru ekki brattar og ná þær upp í rúmlega 100 m h.y.s. líkt og Arnarverpi sem er þó brattari hlíð og með klettabeltum. Undir austari hluta Arnarverpis stendur Rjúkandavirkjun en ofan hennar lækkar hlíðin til norðurs og kallast Hrossabrekkur. Hlíðin beygir því næst til austurs og síðan í suður í átt að Ölkeldu og er þar aðeins um 25 m há.



**Mynd 2.** Ólafsvík. Helstu örnefni (ljósmynd: © Mats Wibe Lund).

## 2.2 Ofanflóð

Kort 2 sýnir skráð snjó- og krapaflóð í Ólafsvík. Hér að neðan er stutt yfirlit yfir flóð af einstökum svæðum en ítarlegri lýsingu er að finna í viðauka B.

### **Snjóflóð**

Sagnir eru um að snjóflóð hafi fallið úr Ennishlíð ofan Engihlíðar um miðja 20. öld og náð niður að Bæjargili. Einnig er talið að snjóflóð hafi fallið úr Ennishlíð á 6. áratug 20. aldar.

Heimildir eru um snjóflóð sem féll úr Tvísteinahlíð árið 1921 og talið að það hafi náð niður að Engihlíð. Síðan 1981 hafa fallið átta snjóflóð úr Tvísteinahlíð. Í tveimur tilvikum féllu tvö snjóflóð samdægurs og óljóst er hvort flóðin hafi verið tvö eða hvort um tvær aðskildar tungur sama flóðs hafi verið að ræða í hvort skipti. Þessi flóð hafa flest stöðvast ofan við heilsugæsluna. En flóð sem féll 1995 var mjög stórt og féll það á heilsugæsluna og olli skaða.



**Mynd 3.** Ólafsvík, Dalur. Helstu örnefni (ljósmynd: © Mats Wibe Lund).

Stórt snjóflóð féll árið 1984 úr Enninu og skemmdi steypustöðina Bjarg og ýmislegt lauslegt. Tveir menn lentu í flóðinu og slasaðist annar þeirra.

Ekki eru til ritaðar heimildir um snjóflóð í Dal. Hins vegar er vitað til að þar falla snjóflóð (munnlegar upplýsingar, Leifur Örn Svavarsson).

### **Krapaflóð**

Þann 17. febrúar 1948 féll krapaflóð úr Bæjargilinu. Það tók fjós sem stóð um 15 metra frá læknum og bar það áleiðis til sjávar.

## **2.3 Eldri rannsóknir**

Eldra hættumat er ekki til fyrir Ólafsvík.

Í kjölfar snjóflóðanna í febrúar 1984 fóru þeir Guðjón Petersen, Hafliði Helgi Jónsson og Helgi Björnsson í vettvangsferð til Ólafsvíkur og tóku saman skýrslu um flóðin (Guðjón Petersen o.fl. 1984). Þar var meðal annars gerð lausleg athugun á snjóflóðahættu.

Í greinargerð VÍ um rýmingaráætlanir (VÍ, 1997) er fjallað um Ólafsvík. Allnokkur hús við göturnar Engihlíð, Ennishlíð og Ennisbraut eru á rýmingarsvæði. Auk þess er Rjúkandavirkjun á rýmingarsvæði.

## 2.4 Veðurfar

Veðurfar í Ólafsvík mótast af þeim landfræðilegu aðstæðum sem lýst var hér að framan. Þar ræður Snæfellsnesfjallgarður mestu um.

Stykkishólmur er eina veðurstöðin á Snæfellsnesi sem er starfandi í dag og hefur langa samfellda sögu. Hellissandur var skeytastöð á árunum 1934–1970. Á árunum 1970–1994 voru Gufuskálar skeytastöð. Sjálfvirk stöð hefur verið rekin á Gufuskálum síðan 1995. Arnarstapi var skeytastöð á árunum 1931–1982 og Bláfeldur er skeytastöð síðan 1998. Vegagerðin hefur rekið stöð á Fróðárheiði síðan 1995. Sjálfvirkur úrkomumælir hefur verið í Ólafsvík frá því í apríl árið 2000. Í Ólafsvíkurhöfn er sjálfvirk stöð en gögnum þaðan er verulega ábótavant. Hafa ber í huga að tímabil athugana á mismunandi veðurstöðvum skarast mismikið og því er samanburður á milli stöðva annmörkum háður.

Ársmeðalhiti í byggð norðanmegin á Snæfellsnesi er 3.5–4.5°C og eru febrúar og mars köldustu mánuðirnir en júlí og ágúst hlýjastir. Hitamunur heitasta og kaldasta mánaðar er 10–11°C. Hæsti hiti hefur mælst 21°C og mesta frost -19°C. Ársmeðalhitinn fyrir tímabilið 1997–2003 í Stykkishólmi er 4.1°C sem er talsvert hærra en fyrir staðaltímabilið 1961–1990, en þá var hann 3.5°C. Á Fróðárheiði þar sem mælur eru í 361 m h.y.s. er meðalhiti um 1.9°C.

Meðalvindhraði er um 5–8 m/s á láglandi norðanmegin á Snæfellsnesi og er norðaustlæg átt algengust og yfirleitt hvössust, nema á Hellissandi þar sem hásunnan er hvassari. Á Fróðárheiði er meðalvindur 7.8 m/s, mesti 10 mínútna meðalvindur 42 m/s og mesta hviða 51.7 m/s á tímabilinu 1995–2003. Vindáttir þar eru mjög mótaðar af landslagi og er suðaustanátt algengust.

Úrkoma er mjög breytileg frá einum stað til annars og frá ári til árs. Hún mælist illa í miklum vindi og frosti og er þá oftast vanmæld. Sjálfvirkir úrkomumælur virðast mæla minna magn en úrkomumælur á mönnum stöðvum. Aðeins hefur verið mæld úrkoma síðastliðin 4 ár í Ólafsvík, en þær mælingar hafa staðfest að Ólafsvík er á svæði hlémegin fjallgarðsins þar sem fjöllin magna úrkomuna, öfugt við hinn vanalega úrkomuskugga hlémegin fjalla. Grundarfjörður er einnig á slíku úrkomusvæði. Ársmeðalúrkoma í Ólafsvík er nærri 1970 mm. Það er um 120–140% meiri úrkoma en á Bláfeldi og Arnarstapa, sem eru áveðursmegin, og 2–3 falt hærri en á Gufuskálum, Hellissandi og í Stykkishólmi (miðað við 24 og 30 ára meðaltöl). Síðustu ár hefur þó verið nokkuð minni úrkoma í Stykkishólmi heldur en var 1961–1990. Mesta sólarhringsúrkoma (uppsöfnuð sólarhringsúrkoma klukkan 9 að morgni) í Ólafsvík mældist 177.9 mm í mars 2004. Sólarhringsúrkoma yfir 100 mm hefur mælst 4 sinnum og yfir 50 mm 24 sinnum á aðeins 4 árum. Þessi aftakaúrkoma fellur í sunnanáttum. Helmingur ársúrkomunnar fellur í desember–mars, þ.e. yfir háveturinn. Hafa verður þó í huga hve mælingar í Ólafsvík hafa verið í skamman tíma.

Snjór og slydda er um 63% af úrkomu í Stykkishólmi yfir vetrarmánuðina, þ.e. nóvember–apríl, en á Hellissandi um 47%. Erfitt er að meta snjóhulu og snjódýpt í Ólafsvík en þar eru þessir þættir ekki athugaðir. Í Stykkishólmi og á Gufuskálum er hvorutveggja mælt, en samanburður er hæpinn þar sem þar er meira en helmingi minni úrkoma. Á báðum stöðvunum er meðalmánaðarsnjódýpt desember–mars 10–13 cm. Mest var hún 44 cm í Stykkishólmi í febrúar 1995 en 38 cm á Gufuskálum í janúar 1984. Mesta melda snjódýpt var 70 cm í Stykkishólmi í desember 1983 en 56 cm á Gufuskálum í janúar 1984. Meðalsnjóhula í byggð í Stykkishólmi er 52–64% í desember–mars fyrir tímabilið 1971–2000 en 50–60% á Gufuskálum fyrir tímabilið 1970–1994. Meðalsnjóhula í fjöllum í nóvember–apríl er yfir 75%, bæði í Stykkishólmi og á Gufuskálum. Ætla má að í Ólafsvík geti mesta snjódýpt orðið talsvert meiri en í Stykkishólmi og á Gufuskálum. Telja heimamenn að fyrir snjóflóðið 1984 hafi dýpt nýsnævisins náð 1 metra.

Svo fáar heimildir eru um snjóflóð í Ólafsvík að ekki er unnt að byggja á þeim greiningu á veðri í aðdraganda snjóflóða. Mesta hætta á snjóflóðum skapast væntanlega samfara snjókomu og skafrenningi í sunnan og suðaustan hvassviðri þegar öflugar lægðir koma úr suðri eða suðvestri og beina tiltölulega hlýju lofti með mikilli úrkomu yfir Snæfellsnesið. Safnast þá snjór í Tvísteinahlíð og í Ennishlíð ofan Ennisbrautar og eykur skafrenningur af fjallendinu ofan Tvísteinahlíðar, úr austurhlíð Ennishlíðar og af Enninu á snjósöfnunina. Samhliða þessu getur hlánað ört þannig að skilyrði fyrir krapaflóð skapist en heimild er til um slíkt flóð úr Bæjargili.

Hætta á snjósöfnun í Ennishlíð ofan Engihlíðar er tvennskonar. Í fyrsta lagi snjókoma í fremur lygnu veðri. Í öðru lagi, og þá jafnvel á eftir logndrifu, með skafrenningi og vindburði ofan af Enninu í vestanstormi og ef til vill samfara snjókomu eða éljagangi. Vestanstormar eru það algengir í athugunum að ætla má að þessar aðstæður skapist nokkrum sinnum á öld þó svo að það gerðist aðeins í 20. til 30. hverjum stormi.

## 3 Tvísteinahlíð

### 3.1 Svæðislýsing

Tvísteinahlíð nær frá Bæjarfossgilinu og beygir til suðurs rétt austan við skíðasvæði í átt að Krókabrekkum. Hún er brött og með klettum í brún á um 300 m löngum kafla næst Bæjarfossgilinu en verður meira aflíðandi þegar austar og sunnar dregur. Efsti hluti brekkunnar er í um 100–120 m h.y.s. en hæsti hluti Tvísteinahlíðar nær um 150 m h.y.s.

#### Upptakasvæði

Eitt upptakasvæði snjóflóða er afmarkað í Tvísteinahlíð og hefur það númerið 1 á korti 3. Svæðið er um 1.2 ha að flatarmáli og nær það frá 65 m h.y.s. upp að neðstu klettum í rúmlega 90 m h.y.s. Hlíðin er gróin upp að klettum og þar er að finna steina sem fallið hafa úr klettunum. Halli upptakasvæðisins er á bilinu 30-40°.

Stoðvirki (net) eru ofan við upptakasvæðið á milli 110 og 120 m h.y.s. og eru þau sýnd á korti 3. Upptakastoðvirkin voru sett upp haustið 1985 og árið 1997 voru þau lagfærð auk þess sem bætt var við þau. Ekki er talið að stoðvirkin hafi afgerandi áhrif til að draga úr snjóflóðahættu þar sem þau eru nokkuð ofan við algengustu upptakasvæði snjóflóða.

#### Fallbraut

Fallbraut snjóflóða úr Tvísteinahlíð byrjar í um 65 m h.y.s. og nær niður að  $\beta$ -punkti í um 25–30 m h.y.s. Hallinn í efri hluta fallbrautar er í kringum 30° og minnkar hann jafnt niður að  $\beta$ -punkti eða þar sem hallinn er 10°. Fallbrautin er gróin en þar er að finna staka stóra steina.

#### Úthlaupssvæði

Úthlaupssvæði byrjar í  $\beta$ -punktinum og er efsti hluti þess gróin tún. Halli þeirra er nokkuð jafn, um 5–7° á um 100 metra kafla. Heilsugæslustöðin, bílageymsla og fjölbýlishús eru ofarlega á úthlaupssvæðinu.

### 3.2 Staðbundið veðurfar

Snjór safnast einkum fyrir í upptakasvæðið í suðlægum áttum þegar snjó skefur af fjalllendinu ofan Tvísteinahlíðar.

### 3.3 Ofanflóð

Átta snjóflóð eru þekkt úr Tvísteinahlíðinni auk óvissra heimilda um það níunda. Í tvígang hafa tvö flóð fallið samdægurs og er álitamál hvort flokka eigi þau sem aðskilin flóð eða tvær tungur

sama flóðs. Flóðið 1995 olli töluverðum skemmdum á Heilsugæslustöðinni.

### 3.4 Mat

Mikinn snjó getur sett niður í Tvísteinahlíðina á skömmum tíma í snjókomu og með skafrenningi vegna þess hve aðsópssvæðið er stórt og tiltölulega slétt. Sagan sýnir að snjóflóð falla oftast úr hluta upptakasvæðisins hverju sinni en dæmi er um (1995) að snjóflóð falli úr öllu upptakasvæðinu samtímis. Upptök snjóflóðanna eru í flestum tilvikum neðan klettabeltisins í brúninni þannig að upptakastoðvirkin virðast ekki hafa afgerandi áhrif til að draga úr líkum á snjóflóðum.

Snjóflóð eru tíð á svæðinu og hafa tiltölulega mikla skriðlengd.

### 3.5 Líkanreikningar

Kort 3 sýnir niðurstöðu líkanreikninga auk legu brauta sem notaðar voru við reikningana. Langsnið brautanna (ovik03aa, ovik04aa, ovik05aa og ovik06aa) og niðurstöður líkanreikninga eru sýnd á teikningum 1–4. Úthlaups lengd var ákvörðuð með rennslisstigum,  $\alpha/\beta$ -líkani og SAMOS keyrslum.

$\beta$ -punktar eru í rennslisstigum á bilinu  $r = 9$ – $10$  við Heilsugæslustöðina og  $\alpha$ -punktar á milli rennslisstiga  $r = 11$  og  $r = 12$ .

Samkvæmt austurríska SAMOS-líkaninu geta snjóflóð úr upptakasvæðinu í Tvísteinahlíð náð rennslisstigi rúmlega  $r = 15$ . Lengsta flóð sem þekkt er með vissu féll árið 1995 og náði tunga þess rennslisstigi  $r = 12.4$ .

### 3.6 Niðurstaða

Snjóflóð úr brekkunni hafa tiltölulega mikla skriðlengd. Hlíðin er örlítið kúpt svo að flóðin dreifast lítilla og ætti það að draga eitthvað úr affi flóða. Einnig er halli á úthlaups svæði ekki mikill. Á síðastliðnum 23 árum eru öruggar heimildir um 8 flóð og óvissar heimildir um eldra flóð sem á að hafa farið nokkru lengra en hin flóðin. Oftast fellur aðeins úr hluta brekkunnar þannig að tíðni á hverjum stað er lægri en ofangreindar tölur gefa til kynna. Vegna forms á hlíð og hallalítlu úthlaups svæði er notuð hliðruð dreifing á skriðlengd snjóflóða í hættumatslíkani. Miðað við snjóflóðasögu má reikna með að endurkomutími snjóflóða sem ná rennslisstigi  $r = 13$  sé bilinu 100–200 ár. Skv. því er hættumatslína C þar sem rennslisstig er  $r = 13.5$ , hættumatslína B við  $r = 14.5$  og hættumatslína A við rennslisstig  $r = 15.4$ .

Mörg snjóflóð eru þekkt á svæðinu en þar sem farvegurinn er lítill og óvenjulegur er óvissan metin (1).

Hættumat undir vestasta hluta Tvísteinahlíðar tekur einnig mið af hættu vegna snjóflóða úr Ennishlíð.



## 4 Ennishlíð

Ennishlíð er í norðaustanverðu Ólafsvíkurenni vestan við þéttbýlið í Ólafsvík. Í þessari umfjöllun er hlíðinni skipt í tvo hluta. Annars vegar er fjallshlíðin sem snýr til austurs, þ.e. ofan við götuna Engihlíð og sunnan við Hjartað, sem er stakur klettur í hlíðinni í um 160 m h.y.s. Hins vegar norðurhlíð Ennisins, þ.e. svæðið ofan við götuna Ennisbraut vestan við Hjartað.

Í Ólafsvíkurenni eru klettabelti í brúnum. Þau eru hæst að norðanverðu og neðan þeirra er hlíðin skriðurunnin. Skriðurnar ná sjávarmáli vestan við iðnaðarsvæðið en enda í brekkufæti og á hjöllum þegar austar og sunnar dregur.

### 4.1 Ennishlíð – ofan Engihlíðar

#### 4.1.1 Svæðislýsing

Svæðið er sýnt á kortum 1 og 4 auk þess sem langsníð brauta (ovik07aa og ovik08aa) eru sýnd á teikningum 5 og 6.

#### Upptakasvæði

Þrjár grunnar skálar eða drög eru ofan við farvegi í skriðunum upp undir klettum og hafa verið afmörkuð sem hugsanleg upptakasvæði snjóflóða. Sú í miðið er mjög grunn en hinar eru greinilegri. Svæðin eru sýnd á korti 4 og hafa þau númerin 2, 3 og 4. Yfirborð svæðanna er að hluta til skriða og að hluta til klappir og flatarmál hvers svæðis er í kringum 0.5 ha. Svæðin ná frá um 280 m h.y.s. upp í rúmlega 320 m h.y.s. Halli í upptakasvæðunum er á bilinu 35–45°.

#### Fallbraut

Fallbrautin nær frá 280 m h.y.s. og niður í  $\beta$ -punkt sem er í tæplega 40 m h.y.s. Halli hlíðarinnar er um 35° efst í fallbrautinni. Í um 90 m h.y.s. er hjalli í hlíðinni er nefnist Bekkur. Syðst á honum er halli um 20° en um miðbik hans er hallinn um 10°. Neðan hjallans eykst hallinn á ný og verður mestur um 30° undir syðri hluta hans en er nokkru minni norðar. Fallbrautirnar eru að mestu lítið gróin urð. Grunnir farvegir eru í hlíðinni neðan upptakasvæðanna og er sá syðsti greinilegastur.

#### Úthlaupssvæði

Syðst er úthlaupssvæðið gilið sem Bæjarlækurinn rennur eftir og flatlendið austur af því. Hallinn þar er á bilinu 2–5°. Norðar er úthlaupssvæðið hallalítill tún og mýrar ofan við götuna Engihlíð. Á svæðinu eru einbýlis- og fjölbýlishús.

#### 4.1.2 Staðbundið veðurfar

Í vestlægum áttum getur snjór safnast fyrir í upptakasvæðin þegar snjó skefur fram af brún Ólafsvíkurennis en einnig í skafrenningi með hlíðum. Einnig getur snjór safnast í upptakasvæðin þegar snjóar í logni.

#### 4.1.3 Ofanflóð

Ekki eru til öruggar heimildir um snjóflóð á svæðinu en sagnir eru um flóð af upptakasvæðunum. Skv. þeim mun eitt þeirra hafa náð niður í Bæjargilið.

#### 4.1.4 Mat

Klettabrúin í austurhlíð Ennisins myndar eins konar skáp miðað við meginstefnu fjallsins og eru upptakasvæðin þrjú í honum. Skilyrði fyrir snjósöfnun eru metin meiri á svæðum 2 og 4 með skafrenningi meðfram hlíðinni en á svæði 3. Einnig eru þau svolítið dýpri og betur afmörkuð. Öll hlíðin ofan hjallans hefur nægan halla til að snjóflóð geti falli. Neðan 100 m h.y.s. er hlíðin kúpt og verulega dregur úr halla á nokkru bili vegna hjallans.

Smæð líklegustu upptakasvæða, bugða hlíðar og hjallur draga úr skriðlengd snjóflóða og þar með hættu á svæðinu.

#### 4.1.5 Líkanreikningar

Á korti 4 má sjá niðurstöður líkanreikninga og brautir sem notaðar voru við reikningana auk þess sem langsnið brauta (ovik07aa og ovik08aa) eru sýnd á teikningum 5 og 6 ásamt niðurstöðum líkanreikninga.

Á braut ovik07aa er  $\beta$ -punkturinn í rennslisstigi  $r = 8.8$  og  $\alpha$ -punkturinn í rennslisstigi  $r = 12.5$  sem er nálægt bílageymslu heilsugæslustöðvarinnar.  $\beta$ -punkturinn er í rennslisstigi  $r = 11.5$  á braut ovik08aa og  $\alpha$ -punkturinn er við íþróttahúsið í rennslisstigi  $r = 13.9$ .

Samkvæmt SAMOS líkankeyrslunum geta snjóflóð úr upptakasvæði númer 2 náð niður að efstu blokk við Engihlíð sem er í rennslisstigi  $r = 13$ . Snjóflóð úr upptakasvæði 3 stoppa að mestu á hjallanum samkvæmt líkaninu en flóð úr upptakasvæði 4 geta náð niður að húsum við Engihlíð og Ennishlíð sem eru í rennslisstigi  $r = 13$ .

#### 4.1.6 Niðurstaða

Skilyrði fyrir snjósöfnun í upptakasvæðin og almennt í hlíðinni eru ekki góð. Því er ekki að búast við hárrí títíni snjóflóða enda eru ekki til öruggar heimildir um snjóflóð á svæðinu. Hjallinn í hlíðinni og mikil bugða hlíðarinnar neðan við hann draga úr hraða snjóflóða og dreifa þeim. Þetta kemur skýrt fram í tvívíðu SAMOS líkanreikningunum. Engu að síður má reikna með að snjóflóð

geti náð niður fyrir  $\beta$ -punkt sitt hvoru megin við hjallann þó að dregið hafi úr afli þeirra þegar þangað er komið. Hættumatslína C er í rennslisstigi  $r = 12$  og er það svipað og á verstu stöðum undir Gleiðarhjalla á Ísafirði. Hættusvæði undir syðsta upptakasvæðinu (númer 2) er að mestu innan hættusvæða vegna snjóflóða úr Tvísteinahlíð. Á ysta hluta svæðisins eru hættumatslínur heldur nær fjallinu þar sem líkur á snjósofnun eru taldar minnka þegar nær dregur öxlinni þar sem hlíðin sveigir til vesturs. Hættumatslína B er einu rennslisstigi utar en hættumatslína C sem í grennd við braut ovik08aa er í rennslisstigi  $r = 13$ . Hættumatslína A er í rennslisstigi  $r = 13.7$  á því svæði.

Óvissa á svæðinu er metin miðlungs (1) þar sem flóð eru ekki þekkt með vissu.

## 4.2 Ennishlíð – ofan Ennisbrautar

### 4.2.1 Svæðislýsing

Um er ræða hlíð Ólafsvíkurennis vestan við Hjartað og snýr hún í aðalatriðum á mótí norðri.

Klettarnir í brúninni eru um 100 m háir og tvö gil skera þá upp í brún. Neðan klettabeltisins eru stakir klettar í hlíðinni og gil á milli þeirra. Almennt eru ekki skýrir farvegir í hlíðinni en víða skálar og drög.

Svæðið er sýnt á kortum 1 og 4 og þversnið brautar ovik09aa er sýnt á teikningu 7.

### Upptakasvæði

Snjóflóð geta átt upptök undir klettunum á nánast öllu svæðinu vestan við Hjartað. Drög eru víða á svæðinu og hallinn í kringum  $40^\circ$ . Tvö upptakasvæði af fleiri líklegum hafa verið afmörkuð fyrir líkanreikninga og hafa þau númerin 5 og 6 á korti 3. Þau ná frá 160 m h.y.s. upp að klettabeltinu í 220 m h.y.s. og eru um 0.45 ha að stærð hvort um sig. Þessi upptakasvæði eru að mestu leyti gróin.

### Fallbraut

Fallbrautir eru að mestu leyti jafnhallandi ( $30^\circ$ ) skriður sem eru grónar að hluta.  $\beta$ -punkturinn er í um 30 m h.y.s. en töluvert nám hefur verið í skriðufæti og þar er brattinn meiri enn í sjálfum skriðunum.

### Úthlaupssvæði

Úthlaupssvæðið er á tiltölulega hallalitlu landi frá 30 m h.y.s. og fram á sjávarbakka í u.þ.b. 15–20 m h.y.s. Hallinn þar er á bilinu  $3\text{--}6^\circ$  og er iðnaðarhúsnæði á svæðinu. Fyrir neðan bakkann tekur fjaran við sem er um 50 m breið.

#### 4.2.2 Staðbundið veðurfar

